

REGLUGERÐ

um leyfisbindingu veiða.

1. gr.

Eftirtaldar veiðar eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðherra:

1. Botnfiskveiðar fiskiskipa 10 brl. og stærri.
2. Rækjuveiðar.
3. Skelfiskveiðar.
4. Humarveiðar.
5. Loðnuveiðar.
6. Sandsílis-, spærlings- og kolmunnaveiðar.
7. Síldveiðar báta 50 lestir og stærri.

2. gr.

Reglugerð þessi breytir í engu þeim leyfum, sem ráðuneytið hefur gefið út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og í gildi eru.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands og skal með brot farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. október 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið að heimila stæði fyrir tvær leigubifreiðir á Geislagötu, við austurbrún, norðan Gránufélagsgötu, frá kl. 18.00 til 04.00.

Ákvæði auglýsingar þessarar taki gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 3. október 1985.

Elías I. Elíasson.